3. Where no decision on the right of access has been taken or where recognition or enforcement of the decision relating to custody is refused, the central authority of the State addressed may apply to its competent authorities for a decision on the right of access, if the person claiming a right of access so requests.

Article 12

Where, at the time of the removal of a child across an international frontier, there is no enforceable decision given in a Contracting State relating to his custody, the provisions of this

síðari ákvarðanir varðandi forsjá þess sem lýsa brottflutning þess ólögsmætan og teknar eru í samningsríki að ósk einhvers þess aðila sem hagsmuna hefur að gæta.

III. HLUTI Málsmeðferð.

13. gr.

1. Beiðni um viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar varðandi forsjá í öðru samningsríki skal fylgja:

a. skjal sem veitir móttökustjórnvaldi þess ríkis, sem beiðni er beint til, umboð til að koma fram fyrir hönd beiðandans eða til að skipa annan fyrirsvarsmann til þess;

b. endurrit ákvörðunarinnar sem fullnægir nauðsynlegum skilyrðum um trúverðugleika;

c. skjal sem staðfestir að varnaraðila hafi réttlæga verið birt skjal það sem markaði upphaf málsmeðferðar eða samsvarandi skjal, ef ákvörðun hefur verið tekin að fjarstöddum varnaraðila eða löglegum fyrirsvarsmanni hans;

d. ef við á, skjal sem staðfestir að ákvörðunin sé fullnustuhæf samkvæmt lögum upphafsríkisins;

e. ef unnt er, greinargerð sem gefur til kynna hvar barnið sé niðurkomið eða líklega niðurkomið í því ríki sem beiðni er beint til;

f. tillögur um hvernig endurheimta skuli forsjá barnsins.

2. Þeim skjölum er að framan greinir skal, þar sem þörf krefur, fylgja þýðing samkvæmt ákvæðum 6. gr.

14. gr.

Sérhvert samningsríki skal beita einfaldri og hraðri málsmeðferð til viðurkenningar og fullnustu á ákvörðunum varðandi forsjá barns. Í því skyni skal það tryggja að beiðni um fullnustu megi leggja fram með einfaldri umsókn.

15. gr.

1. Áður en hlutadeigandi yfirvald í því ríki, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 10. gr.:

a. skal það ganga úr skugga um hver afstaða barnsins sé, nema það sé óraunhæft sérstaklega með hliðsjón af aldri þess og þroska; og

b. getur það óskað eftir því að allar viðeigandi kannanir verði gerðar.

Convention shall apply to any subsequent decision, relating to the custody of that child and declaring the removal to be unlawful, given in a Contracting State at the request of any interested person.

PART III Procedure

Article 13

1. A request for recognition or enforcement in another Contracting State of a decision relating to custody shall be accompanied by:

a. a document authorising the central authority of the State addressed to act on behalf of the applicant or to designate another representative for that purpose;

b. a copy of the decision which satisfies the necessary conditions of authenticity;

c. in the case of a decision given in the absence of the defendant or his legal representative, a document which establishes that the defendant was duly served with the document which instituted the proceedings or an equivalent document;

d. if applicable, any document which establishes that, in accordance with the law of the State of origin, the decision is enforceable;

e. if possible, a statement indicating the whereabouts or likely whereabouts of the child in the State addressed;

f. proposals as to how the custody of the child should be restored.

2. The documents mentioned above shall, where necessary, be accompanied by a translation according to the provisions laid down in Article 6.

Article 14

Each Contracting State shall apply a simple and expeditious procedure for recognition and enforcement of decisions relating to the custody of a child. To that end it shall ensure that a request for enforcement may be lodged by simple application.

Article 15

1. Before reaching a decision under paragraph 1.b of Article 10, the authority concerned in the State addressed:

a. shall ascertain the child's views unless this is impracticable having regard in particular to his age and understanding; and

b. may request that any appropriate enquiries be carried out.

2. Kostnaður af könnunum í samningsríki skal greiddur af yfirvöldum þess ríkis þar sem þær eru gerðar.

Beiðni um könnun og niðurstöður hennar má senda hlutaðeigandi yfirvaldi fyrir milligöngu móttökustjórnvalda.

16. gr.

Ekki má krefjast opinberrar staðfestingar eða sambærilegra formsatriða vegna þessa samnings.

IV. HLUTI
Fyrirvarar.

17. gr.

1. Samningsríki getur gert fyrirvara þess efnis að í tilvikum, sem 8. og 9. gr. eða önnur hvor þeirra greina taka til, megi synja um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá af þeim ástæðum sem í 10. gr. greinir og sem gera má nánari grein fyrir í fyrirvaranum.

2. Synja má um viðurkenningu og fullnustu á ákvörðunum, er teknar hafa verið í samningsríki sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr. þessarar greinar, í sérhverju öðru samningsríki af einhverjum þeim ástæðum sem sá fyrirvari tekur til.

18. gr.

Samningsríki getur gert fyrirvara um að það skuli vera óbundið af ákvæðum 12. gr. Ákvæði samnings þessa skulu ekki gilda um ákvarðanir skv. 12. gr. sem hafa verið teknar í samningsríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

V. HLUTI
Aðrir samningar.

19. gr.

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að beita megi öðrum alþjóðasamningi sem er í gildi milli upphafsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til eða öðrum lögum síðarnefnda ríkisins, sem ekki eiga rót sína að rekja til alþjóðlegs samkomulags, til þess að ná fram viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar.

20. gr.

1. Samningur þessi skal ekki hafa áhrif á neinar skuldbindingar sem samningsríki getur haft gagnvart ríki, sem ekki er samningsríki, samkvæmt alþjóðasamningi er fjallar um efni sem samningur þessi tekur til.

2. The cost of enquiries in any Contracting State shall be met by the authorities of the State where they are carried out.

Requests for enquiries and the results of enquiries may be sent to the authority concerned through the central authorities.

Article 16

For the purposes of this Convention, no legalisation or any like formality may be required.

PART IV
Reservations

Article 17

1. A Contracting State may make a reservation that, in cases covered by Articles 8 and 9 or either of these Articles, recognition and enforcement of decisions relating to custody may be refused on such of the grounds provided under Article 10 as may be specified in the reservation.

2. Recognition and enforcement of decisions given in a Contracting State which has made the reservation provided for in paragraph 1 of this Article may be refused in any other Contracting State on any of the additional grounds referred to in that reservation.

Article 18

A Contracting State may make a reservation that it shall not be bound by the provisions of Article 12. The provisions of this Convention shall not apply to decisions referred to in Article 12 which have been given in a Contracting State which has made such a reservation.

PART V
Other instruments

Article 19

This Convention shall not exclude the possibility of relying on any other international instrument in force between the State of origin and the State addressed or on any other law of the State addressed not derived from an international agreement for the purpose of obtaining recognition or enforcement of a decision.

Article 20

1. This Convention shall not affect any obligations which a Contracting State may have towards a non-contracting State under an international instrument dealing with matters governed by this Convention.

2. Hafi tvö eða fleiri samningsríki lögfest samræmda löggjöf varðandi forsjá barna, eða komið á sérstakri tilhögun á viðurkenningu eða fullnustu ákvarðana á þessu sviði, eða eigi þau eftir að gera það í framtíðinni, er þeim frjálst að beita þeim lögum eða þeirri tilhögun sín á milli í stað samningsins eða einhvers hluta hans. Til þess að notfæra sér þetta ákvæði skulu ríkin tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ákvörðun sína. Einnig skal tilkynna um sérhverja breytingu eða afturköllun á slíkri ákvörðun.

VI. HLUTI Lokaákvæði.

21. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

22. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst yfir samþykki sínu til að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði 21. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem lýsir síðar yfir samþykki sínu til að verða bundið af samningnum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er skjali um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki var komið í vörslu.

23. gr.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið ríki, sem ekki á aðild að ráðinu, aðild að samningnum. Skal það gert með meirihlutaákvörðun skv. d-lið 20. gr. stofnskrárinnar og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem rétt eiga til setu í nefndinni.

2. Gagnvart ríki, sem þannig öðlast aðild að samningnum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er aðildarskjali var komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. When two or more Contracting States have enacted uniform laws in relation to custody of children or created a special system of recognition or enforcement of decisions in this field, or if they should do so in the future, they shall be free to apply, between themselves, those laws or that system in place of this Convention or any part of it. In order to avail themselves of this provision the States shall notify their decision to the Secretary General of the Council of Europe. Any alteration or revocation of this decision must also be notified.

PART VI Final clauses

Article 21

This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 22

1. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which three member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of Article 21.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 23

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for by Article 20.d of the Statute and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee.

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

24. gr.

1. Við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild getur ríki tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.

2. Ríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til sérhvers annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má afturkalla með tilliti til hvaða landsvæðis sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

25. gr.

1. Ríki, sem skiptist í tvo eða fleiri landshluta þar sem mismunandi réttarkerfi gilda um forsjá barna og um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá, getur, við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, lýst því yfir að samningur þessi skuli taka til allra landshluta þess eða eins eða fleiri þeirra.

2. Ríki, sem þetta á við um, getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til sérhvers annars landshluta sem tilgreindur er í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíkum landshluta fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má afturkalla með tilliti til hvaða landshluta sem þar er tilgreindur með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

Article 24

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt by the Secretary General of such declaration.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 25

1. A State which has two or more territorial units in which different systems of law apply in matters of custody of children and of recognition and enforcement of decisions relating to custody may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that this Convention shall apply to all its territorial units or to one or more of them.

2. Such a State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territorial unit specified in the declaration. In respect of such territorial unit the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt by the Secretary General of such declaration.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territorial unit specified in such declaration, be withdrawn by notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

26. gr.

1. Hvað snertir ríki sem hefur tvö eða fleiri réttarkerfi í forsjármálum með staðbundið gildissvið:

a. skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis þar sem maður er búsettur eða ríkisborgari sé átt við það réttarkerfi sem gildandi reglur í því ríki segja til um að eigi við eða, séu engar síkar reglur fyrir hendi, það réttarkerfi sem hlut-
aðeigandi maður hefur sterkust tengsl við;

b. skal litið svo á að með tilvísun til upphafs-
ríkisins eða þess ríkis, sem beiðni er beint til, sé, eftir því sem við á, átt við þann landshluta þar sem ákvörðunin var tekin eða þann lands-
hluta þar sem óskað er eftir viðurkenningu eða fullnustu á ákvörðuninni eða að forsjá verði endurheimt.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig, að breyttu breytanda, gagnvart ríkjum sem hafa í forsjármálum tvö eða fleiri réttarkerfi með persónubundið gildissvið.

27. gr.

1. Ríki getur, við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild, lýst því yfir að það notfæri sér einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem fjallað er um í 3. mgr. 6. gr., 17. gr. og 18. gr. samningsins. Aðra fyrirvara má ekki gera.

2. Samningsríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr., getur afturkallað hann að öllu leyti eða að hluta með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin öðlast gildi á þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

28. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal í lok þriðja árs frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi, og hvenær sem er síðar að eigin frumkvæði, bjóða fulltrúum þeirra móttökustjórnvalda, sem samningsríkin hafa tilnefnt, til fundar til að kanna og greiða fyrir framkvæmd samningsins. Þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem ekki eru aðilar að samningnum, geta átt áheyrnarfulltrúa. Gera skal skýrslu um störf hvers fundar og senda ráðherranefnd Evrópuráðsins til upplýsingar.

Article 26

1. In relation to a State which has in matters of custody two or more systems of law of territorial application:

a. reference to the law of a person's habitual residence or to the law of a person's nationality shall be construed as referring to the system of law determined by the rules in force in that State or, if there are no such rules, to the system of law with which the person concerned is most closely connected;

b. reference to the State of origin or to the State addressed shall be construed as referring, as the case may be, to the territorial unit where the decision was given or to the territorial unit where recognition or enforcement of the decision or restoration of custody is requested.

2. Paragraph 1.a of this Article also applies *mutatis mutandis* to States which have in matters of custody two or more systems of law of personal application.

Article 27

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it avails itself of one or more of the reservations provided for in paragraph 3 of Article 6, Article 17 and Article 18 of this Convention. No other reservation may be made.

2. Any Contracting State which has made a reservation under the preceding paragraph may wholly or partly withdraw it by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall take effect on the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 28

At the end of the third year following the date of the entry into force of this Convention and, on his own initiative, at any time after this date, the Secretary General of the Council of Europe shall invite the representatives of the central authorities appointed by the Contracting States to meet in order to study and to facilitate the functioning of the Convention. Any member State of the Council of Europe not being a party to the Convention may be represented by an observer. A report shall be prepared on the work of each of these meetings and forwarded to the Committee of Ministers of the Council of Europe for information.

29. gr.

1. Aðili getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tók við tilkynningunni.

30. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og hverju því ríki, sem gerst hefur aðili að samningi þessum, um:

- a. sérhverja undirritun;
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
- c. sérhvern gildistökudag samningsins skv. 22., 23., 24. og 25. gr.;
- d. sérhverja aðra aðgerð, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samninginn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lúxemborg 20. maí 198 á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins og til hvers ríkis sem boðin er aðild að samningnum.

Article 29

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 30

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this Convention, of:

- a. any signature;
- b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
- c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 22, 23, 24 and 25;
- d. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Luxembourg, the 20th day of May 1980, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.

Fylgiskjal 2.

Fyrirvarar.

1. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. sammingsins, gerir Ísland fyrirvara við ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. hans um að móttökustjórnvald þess ríkis, sem beiðni er beint til, skuli samþykkja að tilkynningar séu á frönsku eða að þýðing á frönsku fylgi.

2. Samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. sammingsins, gerir Ísland fyrirvara þess efnis að í tilvikum, sem 8. og 9. gr. eða önnur hvor þeirra greina taka til, megi synja um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá af þeim ástæðum sem greinir í 10. gr. sammingsins.

Reservations

1. In accordance with Article 27, paragraph 1, and Article 6, paragraph 3, of the Convention, Iceland excludes the provisions of Article 6, paragraph 1.b, insofar as they provide that the central authority of the State addressed shall accept communications made in French or accompanied by a translation into French.

2. In accordance with Article 27, paragraph 1, and Article 17, paragraph 1, of the Convention, Iceland makes a reservation that, in cases covered by Articles 8 and 9 or either of these Articles, recognition and enforcement of decisions relating to custody may be refused on the grounds provided under Article 10 of the Convention.